

Mál nr. 199/2014
M vegna hjólreiðamanns (H) og
V-1 v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar
V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur bifreiðar og reiðhjóls. Bótakrafa bíleiganda þ. 31.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.25.6.2014 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 15.7.2014.
3. Bréf vátryggingafélags M dags. 2.7.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Dóttir M, hér eftir nefnd H, sem er 14 ára, hjólaði á reiðhjól sínu eftir gangstétt sem liggur meðfram Víkurvegi til norðurs og út á gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar. Umferð um gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar er stýrt með umferðarljósum og segist H hafa hjólað út á Borgarveg og ekki tekið eftir stöðu umferðarljósanna. Ökumaður A segist hafa ekið inn á gatnamótin frá Borgarvegi inn á Víkurveg gegn grænu ljósi þegar H hafi hjólað í veg fyrir A þannig að árekstur varð. Vitni að árekstrinum bera að rautt ljós hafi logað fyrir leið H. Ökumaður og eigandi A leitaði í frjálsa ábyrgðartrygging foreldra H hjá V-1, sem viðurkenndi bótaskyldu og telur að tjón á A verði rakið til saknæmrar háttsemi H og þar sem hún sé á fimmtánda aldursári megi gera þá kröfu til hennar að hún sé meðvituð um umferðarreglur og hafi H sýnt af sér gáleysislega háttsemi þegar hún hjólaði gegn rauðu ljósi í umrætt sinn. M telur að ökumaður A hafi ekki sýnt nægjanlega varkárni í umrætt sinn og ökumanni A hefði átt að vera ljóst að barn á reiðhjól nálgast gatnamótin og hafi auk þess brotið margar greinar umferðarlaga. Þá bendir M á að H sé fjórtán ára og því enn barn og taka verði tillit til þess.

Álit.

Af gögnum málsins verður að telja sannað að H hafi hjólað yfir gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar gegn rauðu ljósi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi hagað akstri sínum ógætilega eða með þeim hætti að sök verði á hana felld. Ætlast verður til að ökumaður reiðhjóls sem náð hefur fjórtán ára aldri og er treyst til að aka í almennri umferð þekki helstu reglur umferðarlaga m.a. um ljósanotkun og bann við akstri á móti rauðu ljósi. Með akstri sínum í umrætt sinn sýndi H af sér gáleysislega háttsemi þegar hún hjólaði gegn rauðu ljósi og ber því alla sök í málinu. Ökumaður og eigandi A á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Ökumaður og eigandi bifreiðarinnar A á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu M hjá V

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.